

REGLUGERÐ

um baðstaði í náttúrunni.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um baðstaði í náttúrunni.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking orða og orðasambanda sem hér greinir:

Ábyrgðaraðili: Landeigandi eða ábúandi eða sá sem fer með umsjón svæðis samkvæmt samningi telst ábyrgðaraðili baðstaðar í náttúrunni sem fellur í 3. flokk. Umhverfisstofnun telst ábyrgðaraðili slíkra baðstaða á friðlýstum svæðum.

Baðstaður í náttúrunni: Náttúruleg eða baðströnd sem eru notuð til baða af almenningi og vatn er ómeðhöndlað af sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt. Til baðstaðar telst einnig búnings- og salernisaðstaða og önnur aðstaða fyrir baðgesti sem getur verið til staðar, eftir því sem við á.

Baðströnd: Vatns- eða sjávarströnd þar sem böð, þar með talin sjóböð, eru stunduð og flokkuð sem slík í skipulagi hlutaðeigandi sveitarfélags. Afmarkað umhverfi næst sjó eða vatni telst til baðstrandar svo og hugsanleg mannvirki og aðstaða þeim tengd.

Baðvatn: Sjór eða ferskvatn, þar með talið jarðhitavatn, sem ekki er meðhöndlað með sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt og er talið hæft til baða samkvæmt reglugerð þessari.

Háannatímabil: Skilgreint tímabil yfir árið þegar notkun á baðstað í náttúrunni er hvað mest, skilgreint af rekstraraðila í samráði við heilbrigðisnefnd.

Innra eftirlit: Eigið eftirlit rekstraraðila baðstaðar í náttúrunni, framkvæmt af honum sjálfum, starfsmönnum hans eða þjónustuaðila í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í starfsleyfi eða reglugerðum séu uppfylltar.

Laug: Samheiti yfir hvers konar laugar stórar sem smáar, svo sem setlaug og sundlaug. Ker eða þró með allt að 45°C heitu vatni.

Náttúruleg laug: Laug ásamt bakka hennar, mynduð af náttúrunnar hendi þar sem böð eru stunduð og vatn er ekki meðhöndlað með sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt. Þó framkvæmdir á náttúruleg laug hafi verið gerðar til þess að styrkja stoðir hennar, til dæmis með lítils háttar hleðslu, steypuverki, eða laugin lagfærð með hleðslu á steinum til að stífla eða stýra rennsli á baðvatni og steypirtir botnar og hliðar, telst laugin vera náttúruleg laug.

Neyðaráætlun: Verklagsreglur starfsfólks baðstaðar í náttúrunni um viðbrögð við slysum.

Reglubundinn rekstur: Rekstur þar sem dagleg umsjón er með baðstað í náttúrunni. Afgreiðsla, öryggisgæsla og þjónusta við baðgesti, svo sem þrif og sala veitinga er til staðar, eftir því sem við á.

Rekstraraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á rekstri baðstaða í náttúrunni í 1. eða 2. flokki, sbr. 4. gr.

Starfsleyfi: Ákvörðun heilbrigðisnefndar í formi skriflegs leyfis þar sem tilteknum rekstraraðila er heimilað að starfrækja baðstað í náttúrunni í 1. og 2. flokki að því tilskildu að hann uppfylli viðeigandi ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis.

Tilfallandi rekstur: Rekstur þar sem ekki er dagleg umsjón með baðstað í náttúrunni. Afgreiðsla, öryggisgæsla og þjónusta við baðgesti, svo sem þrif og sala veitinga, er til staðar eftir því sem við á.

Viðbragðsáætlun: Verklagsreglur starfsfólks baðstaðar í náttúrunni um viðbrögð og aðgerðir ef eldsvoða, náttúruvá, alvarleg slys eða aðra almannahættu ber að.

Öryggisreglur: Reglur sem rekstraraðili setur til að stuðla að öryggi gesta.

4. gr.

Flokkun baðstaða í náttúrunni.

Baðstaðir í náttúrunni flokkast í þrjá meginflokka:

1. flokkur: Baðstaðir þar sem reglubundinn rekstur fer fram. Aðsókn baðgesta reglubundin yfir allt árið. Baðstaðir í 1. flokki eru starfsleyfisskyldir.

2. flokkur: Baðstaðir þar sem er tilfallandi rekstur fer fram. Aðsókn baðgesta getur verið reglubundin eða mismunandi eftir árstíðum. Baðstaðir í 2. flokki eru starfsleyfisskyldir.

3. flokkur: Baðstaðir þar sem ekki er um rekstur að ræða. Aðsókn baðgesta getur verið reglubundin eða mismunandi eftir árstíðum.

Heilbrigðisnefnd flokkar baðstaði á sínu starfssvæði og sendir Umhverfisstofnun fyrir 1. mars ár hvert lista yfir baðstaði í 1. og 2. flokki sem hafa starfsleyfi. Umhverfisstofnun birtir listann á vef stofnunarinnar þar sem heilbrigðisnefndir og rekstraraðilar geta komið á framfæri upplýsingum um lokanir og hættur í umhverfi baðstaðanna.

II. KAFLI

Starfsleyfi.

5. gr.

Umsókn um starfsleyfi.

Þeir sem hyggjast starfrækja baðstað í náttúrunni skv. 1. og 2. flokki skulu sækja um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar, reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti eftir því sem við á, enda samræmist starfsemin skipulagsáætlunum.

Með umsókn um starfsleyfi fyrir baðstað í 1. og 2. flokki skulu fylgja upplýsingar um:

1. Niðurstöður örverufræðilegra rannsókna, sbr. viðauka I,
2. rekstraraðila baðstaðar,
3. innra eftirlit og öryggisþætti,
4. áætlaðan fjölda gesta og starfsmanna,
5. stærð laugar, rúmtak og áætlaða vatnsendurnýjun, sé mæling á þessum þáttum gerleg og
6. önnur gögn sem heilbrigðisnefnd metur nauðsynleg.

Laug sem rekstraraðili óskar eftir að verði flokkuð sem baðstaður í náttúrunni en ekki sem C laug samkvæmt reglugerð nr. 814/2010, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, getur sótt um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar fyrir baðstað í náttúrunni í 2. flokki, svo framarlega sem hann tilheyrir ekki 1. flokki eða heilbrigðisnefnd meti sem svo að um C laug samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum sé að ræða.

6. gr.

Útgáfa starfsleyfis.

Rekstraraðili baðstaðar í 1. og 2. flokki skal tilgreindur í starfsleyfi.

Tiltaka skal í starfsleyfi baðstaðar í 1. og 2. flokki árlega tíðni sýnatöku og fjölda sýna sem taka skal af baðvatni vegna innra eftirlits með rekstri baðstaðarins til greiningar á saurkóligerlum (*E. coli*) og i. Enterococci, sbr. viðauka I. Fjöldi sýna skal taka mið af umfangi starfseminnar og aðstæðum, svo sem fjölda notenda og gegnumstreymi vatns á baðstaðnum.

Í starfsleyfi skulu eftir því sem þörf er á vera reglur um takmörkun á aðgengi dýra að umhverfi baðstaðarins.

Útgefið starfsleyfi skal vera sýnilegt gestum.

Um útgáfu starfsleyfis fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, eftir því sem við á.

7. gr.

Öryggi á baðstöðum í 1. og 2. flokki.

Rekstraraðili baðstaðar í náttúrunni í 1. og 2. flokki skal gera neyðaráætlun og viðbragðsáætlun og setja öryggisreglur fyrir baðstaðinn og skulu allir starfsmenn upplýstir um þær.

Á baðstöðum í 1. og 2. flokki skulu öryggisreglur vera sýnilegar gestum. Þær skulu taka mið af ákvæðum um öryggisreglur í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum eins og við á hverju sinni. Í þeim skal koma skýrt fram hvernig öryggisgæslu og ábyrgð er háttað og hvað ber að varast við böð og aðra notkun baðstaðarins.

Yfirlitsmynd skal vera til staðar á baðstöðum í 1. og 2. flokki er sýni laug og laugarsvæði/strönd og strandsvæði þar sem meðal annars kemur fram dýpi og hitastig vatnsins, sbr. 9. gr.

Skyndihjálparbúnaður skal vera til staðar á baðstöðum í 1. og 2. flokki. Gerð hans og samsetning skal taka mið af skyndihjálparbúnaði fyrir almenna sund- og baðstaði og umfangi og gesta fjölda baðstaðarins. Skal sá búnaður yfirfarinn reglulega og starfsmenn reglulega þjálfaðir í notkun hans og viðbrögðum við neyðartilvikum.

8. gr.

Innra eftirlit á baðstöðum í 1. og 2. flokki.

Rekstraraðili baðstaðar í náttúrunni í 1. og 2. flokki skal koma á innra eftirliti vegna starfseminnar. Innra eftirlit skal taka mið af umfangi starfseminnar, svo sem stærð laugar, endurnýjunarhraða baðvatns og fjölda gesta og starfsmanna. Þegar umfang er mikið skal rekstraraðili tilgreina í innra eftirliti áhættuþætti, fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem varðandi hitastig vatns, og viðeigandi þjálfun starfsfólks. Þá skal skrá óhöpp og slys ásamt úrbótum sem gerðar eru.

Varðandi kröfur um öryggi, hreinlæti og aðbúnað sem þurfa að koma fram í innra eftirliti baðstaðar í 1. flokki skal hafa hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum eftir því sem umfang og eðli starfseminnar gefur tilefni til. Að lágmarki skal þó vera búningsaðstaða, sturtur og salerni. Skriflegar hreinlætisáætlanir skulu gerðar eftir því sem við á.

Um tíðni og framkvæmd sýnatöku af baðvatninu og fjölda baðvatnssýna sem tekin eru til rannsóknar fer samkvæmt viðauka I og ákvæðum starfsleyfis.

Gögn um innra eftirlit skulu vera til reiðu þegar heilbrigðiseftirlit fer fram á vegum heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Upplýsingar um baðstaði.

Rekstraraðili baðstaðar í náttúrunni í 1. og 2. flokki skulu taka saman upplýsingar um baðstaði samkvæmt viðauka II. Heilbrigðisnefnd getur mælt til við ábyrgðaraðila baðstaðar í náttúrunni í 3. flokki að þeir taki saman upplýsingar um baðstaði samkvæmt viðauka II.

Rekstraraðili baðstaðar í náttúrunni í 1. og 2. flokki skal sjá til þess að upplýsingar um baðstaðinn séu aðgengilegar baðgestum í samræmi við viðauka II. Heilbrigðisnefnd metur hvort upplýsingar um baðstað samkvæmt viðauka II skuli vera aðgengilegar baðgestum á baðstöðum í 3. flokki og kemur þá þeim tilmælum til ábyrgðaraðila. Endurskoðun á upplýsingum um baðstað skal fara fram skv. 4. tölul. viðauka II.

Upplýsingar um baðstaði í öllum flokkum skulu vera aðgengilegar almenningi á vef Umhverfisstofnunar.

III. KAFLI

Eftirlit.

10. gr.

Eftirlit heilbrigðisnefnda.

Heilbrigðisnefnd á hverjum stað hefur eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

Heilbrigðisnefnd getur með merkingum varað almenning við notkun baðstaðar, sbr. 4. gr. Þetta getur átt við ef niðurstöður örverurannsóknna á baðvatninu eru ítrekað yfir viðmiðunargildum samkvæmt viðauka I, sýrustig er óeðlilega hátt eða lágt, þar sem hætta er á bruna af heitu vatni, hætta á

grjóthruni og þar sem aðrar hættur eru í nánasta umhverfi baðstaðar. Rekstraraðili 1. og 2. flokks baðstaða skal sjá um uppsetningu slíkra merkinga á baðstað að kröfu heilbrigðisnefndar, að minnsta kosti þar til viðunandi heilnæmi og gæði baðvatns er náð að nýju eða bætt hefur verið úr öryggismálum samkvæmt mati nefndarinnar. Heilbrigðisnefnd getur mælt til við ábyrgðaraðila baðstaða í 3. flokki að þeir komi upp slíkum merkingum á baðstað. Slíkar merkingar, svo sem skilti, skulu vera samkvæmt stöðlum um öryggismerkingar og handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum eins og við á. Þær geta verið til viðbótar eða hluti af upplýsingum um baðstað skv. 9. gr.

11. gr.

Heilnæmi og gæði baðvatns.

Um örverufræðilegar kröfur baðvatns á baðstað í náttúrunni, tíðni sýnatöku og aðferðir vegna örverugreininga fer samkvæmt viðauka I.

Heilbrigðisnefnd metur heilnæmi og gæði baðvatns á baðstað í náttúrunni með tilliti til niðurstaðna sýnatöku og mats á eðlis- og efnamælingum. Heilbrigðisnefnd skal upplýsa rekstrar- eða ábyrgðaraðila ef heilnæmi og gæði baðvatns er ófullnægjandi samkvæmt ákvæðum viðauka I eða öryggi gesta ógnað. Heilbrigðisnefnd skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga og mat á heilnæmi og gæði baðvatns á baðstöðum í 1. og 2. flokki, sem birtir upplýsingarnar á heimasíðu sinni.

Þrátt fyrir að óheimilt sé að nota sótthreinsiefni getur heilbrigðisnefnd heimilað eða fyrirskipað notkun á klór í baðvatn á baðstöðum í 1. og 2. flokki til að draga úr góðurmyndun í kerri og/eða til að sótthreinsa vatnið/kerið hafi gerlafjöldi í baðvatninu mælt endurtekið yfir hámarksgildum.

12. gr.

Sýnataka.

Heilbrigðisnefnd skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits á baðstöðum í náttúrunni, þar á meðal töku sýna, sbr. 28. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd ákveður sýnatökustaði baðvatns á sínu starfssvæði miðað við aðstæður á hverjum baðstað í náttúrunni, svo sem vegna álags eða mengunarvalda sem kunna að berast í það, sem og í samræmi við innra eftirlit baðstaða í 1. og 2. flokki samkvæmt reglugerð þessari.

Sýnataka af baðvatni baðstaða í 1. og 2. flokki fer samkvæmt starfsleyfi og viðauka I. Heilbrigðisnefnd er heimilt að setja kröfu um ítarlegri og meiri sýnatöku en samkvæmt viðauka I. Sýnataka á baðstað í 1. og 2. flokki skal framkvæmd af aðila sem heilbrigðisnefnd samþykkir og skal vera á kostnað rekstraraðila. Rekstraraðili skal senda heilbrigðisnefnd niðurstöður mælinga.

Á baðstöðum í 2. flokki skal taka sýni að lágmarki tvisvar sinnum á ári til að fylgjast með heilnæmi og gæði baðvatnsins. Sýnataka skal að lágmarki fara fram við upphaf háannatímabils og um miðbik þess og um niðurstöðu hennar fer samkvæmt viðmiðunargildum í töflu í viðauka I.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum sýnatökum á baðstöðum í 3. flokki nema heilbrigðisnefnd telji sérstaka ástæðu til, til dæmis ef grunur er um mengun eða hættu á útbreiðslu sjúkdóma. Sýnataka á baðstað í 3. flokki er hluti tilfallandi eftirlits, sbr. 64. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Rannsóknastofur sem annast örverurannsóknir á vatni í samræmi við reglugerð þessa skulu standast almennar kröfur um starfsemi rannsóknastofa, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 346/1993 um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa.

IV. KAFLI

Viðurlög, málsmeðferð og gildistaka.

13. gr.

Rekstraraðili baðstaðar í náttúrunni í 1. og 2. flokki ber ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

14. gr.

Um ágreining um framkvæmd reglugerðarinnar fer skv. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.

Um gjaldtöku vegna eftirlits og útgáfu stafsleyfis, sýnatöku, valdsvið, undanþágur, þvingunarúræði og úrskurði, fer samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um viðurlög fer samkvæmt VIII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. tölul. 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 9. gr. sömu laga.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Upplýsingum um baðstaði í náttúrunni í 1. og 2. flokki, sbr. 9. gr., skal skilað inn til heilbrigðisnefnda eigi síðar en 15. júlí 2017.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 28. apríl 2015.

Sigrún Magnúsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I
Viðmiðanir fyrir heilnæmi og gæði baðvatns á baðstöðum í náttúrunni.

Greiningar- þættir:	1. flokkur		2. flokkur		3. flokkur		Greiningaraðferð
	Ferskvatn	Sjór	Ferskvatn	Sjór	Ferskvatn	Sjór	
<i>Intestinal Enterococci</i> , fjöldi/100 ml	200	100	400	200	330	185	ÍST EN ISO 7899-1 eða ÍST EN ISO 7899-2
Saurkólígerlar (<i>Escherichia coli</i>), fjöldi/100 ml	500	250	1.000	500	900	500	ÍST EN ISO 9308-3 eða ÍST EN ISO 9308-1
Lágmarkstíðni sýnatöku vegna innra eftirlits:	10 sýni/ári ¹⁾		2 sýni/ári				
Eðlis- og efnaþættir:	Viðmiðunargildi						Greiningaraðferð
Sýrustig	pH 5 – 10,5 ²⁾	pH 5 – 10,5 ²⁾	pH 5 – 10,5 ²⁾	pH 5 – 10,5 ²⁾	pH 5 – 10,5 ²⁾	pH 5 – 10,5 ²⁾	Rafmæling með kvörðun við pH 7 og 10
Olíufeni, tjöruleifar, fita og gler eða plast	Ekki sýnileg	Ekki sýnileg	Ekki sýnileg	Ekki sýnileg	Ekki sýnileg	Ekki sýnileg	Sjónmat
Saur frá dýrum	Ekki sýnileg	Ekki sýnileg	Ekki sýnileg	Ekki sýnileg	Ekki sýnileg	Ekki sýnileg	Sjónmat

1) Taka skal hlutfallslega færri sýni ef um skemmri rekstrartíma á árinu er að ræða.

2) Þegar sýrustig er utan viðmiðunargildis skal heilbrigðisnefnd sérstaklega huga að efnainnihaldi vatnsins með tilliti til heilsu og öryggis baðgesta.

Til leiðbeiningar:

Baðstaðir í náttúrunni í 1. flokki.

- Um baðstaði í 1. flokki gildir að minnst 9 af hverjum 10 sýnum vegna innra eftirlits skulu innihalda < 500/250 saurkólígerla/100 ml og < 100/200 *i. enterococci*/100 ml.
- Þegar fleiri en 500/250 saurkólígerlar/100 ml eða 100/200 *i. enterococci*/100 ml eru í sýni er þörf á endurtekinni sýnatöku. Heilbrigðisnefnd metur hvort grundvöllur sé fyrir töku annars konar sýna en tilgreind eru í töflunni hér að framan, svo sem *P. aeruginosa* sem fer þá samkvæmt viðmiðunargildum í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, með síðari breytingum. Leiði endurtekin sýnataka í ljós viðvarandi mengun, skal heilbrigðisnefnd grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðarinnar.

Baðstaðir í náttúrunni í 2. flokki.

- Um baðstaði í 2. flokki gildir að sýni skulu tekin að lágmarki tvisvar sinnum á ári til að fylgjast með heilnæmi og gæði baðvatnsins og fer þá samkvæmt viðmiðunargildum í töflu hér að ofan.
- Þegar fleiri en 1000/500 saurkólígerlar/100 ml eða 400/200 *i. enterococci*/100 ml eru í sýni er þörf á endurtekinni sýnatöku. Heilbrigðisnefnd metur hvort grundvöllur sé fyrir töku annars konar sýna en tilgreind eru í töflunni hér að ofan, svo sem *P. aeruginosa* sem fer þá samkvæmt viðmiðunargildum í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, með síðari breytingum. Leiði endurtekin sýnataka í ljós viðvarandi mengun, skal heilbrigðisnefnd grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðarinnar.

Allir baðstaðir í náttúrunni.

- Þegar sýnataka fer fram skal velja sýnatökustað þar sem mengun saurgerla og *i. enterococci* er líkleg og, sé því komið við, á þeim tíma dagsins þegar baðstaður er í sem mestri notkun. Sýni skulu geymd í kæli við 0°–4° C og ákvörðun gerlaþéttleika skal fara fram innan 24 klukku-

stunda frá því sýni var tekið. Við sýnatöku skal þess gætt eftir föngum að yfirborðslag og botn-grugg blandist ekki saman við sýni. Á baðströndum skal sýnataka fara fram á um 30 sm dýpi þar sem dýptin er um einn metri.

- Ef þéttleiki gerla eða eðlis- og efnabættir reynast yfir viðmiðunargildum þarf heilbrigðisnefnd að ákvarða hvort vara eigi við notkun á viðkomandi baðstað í náttúrunni og þá hvort rekstrar-aðili skuli tilgreina frávikin sérstaklega með merkingum eða tilmælum til baðgesta.

VIÐAUKI II Upplýsingar um baðstað.

- Rekstraraðilum baðstaða í náttúrunni í 1. – 2. flokki ber að sjá til þess að ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar um upplýsingar um baðstað séu uppfyllt. Upplýsingum um baðstaði skal skilað inn til heilbrigðisnefndar, einnig í kjölfar endurskoðunar á upplýsingunum.
- Upplýsingar um baðstað skulu innihalda:
 - Lýsingu á eðliseiginlegum, landfræðilegum og vatnafræðilegum einkennum baðstaðarins og annarra yfirborðsvatna á vatnasviði baðstaðarins sem gætu orsakað mengun (sjá dæmi aftast í viðauka).
 - Greiningu og mat á hugsanlegum orsakavöldum mengunar sem gætu haft áhrif á baðstaðinn og/eða heilsu baðgesta.
 - Mat á mögulegri útbreiðslu blágrænna þörunga (cyanobakteriur).
 - Mat á mögulegri útbreiðslu stórpörunga og plöntusvífs.
 - Eftirfarandi upplýsingar ef mat skv. b. lið viðaukans leiðir í ljós að líkur séu á mengun, þó ekki nema í skamman tíma:
 - áætlað eðli, tíðni og tímalengd mengunar,
 - nánari upplýsingar ef búast má við mengun í lengri tíma, þar á meðal aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar og tímaáætlun fyrir að uppræta mengun,
 - aðgerðir sem framkvæmdar hafa verið vegna mengunar sem staðið hefur yfir í skemmri eða lengri tíma og upplýsingar um ábyrgðaaðila og tengiliði slíkra framkvæmda.
 - Hvar sýnataka er framkvæmd á baðstað.
- Endurskoða skal upplýsingar fyrir baðstaði reglulega til að meta hvort atriði í 2. tölul. viðaukans hafi breyst. Uppfæra skal upplýsingar sé þess þörf. Tíðni og umfang endurskoðunar skal meta m.t.t. eðlis og alvarleika mengunar. Endurskoðun skal þó aldrei framkvæmd sjaldnar en samkvæmt eftirfarandi töflu:

Flokkur baðvatns	1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur
Endurskoðun skal framkvæma á a.m.k.:	Fjögurra ára fresti	Þriggja ára fresti	Tveggja ára fresti
Þættir sem krefjast endurskoðunar (liðir 2. gr. viðauka)	(a) til (f)	(a) til (f)	(a) til (f)

- Ef talsverðar byggingarframkvæmdir eða breytingar á grunnvirki eiga sér stað á eða í nánd við baðstaðinn, skal uppfæra upplýsingar um baðstað fyrir upphaf næsta háannatíma.
- Fyrir baðstaði í 1. og 2. flokki skulu upplýsingar sem vísað er til í a. og b. liðum 2. tölul. koma fram á baðstaðnum á skilti, veggspjaldi eða á öðru formi við hæfi (sjá dæmi aftast í viðauka). Á baðstað í 3. flokki þar sem mat heilbrigðisnefndar er að upplýsingar þurfi um baðstað skulu upplýsingar skv. a. og b. liðum 2. tölul. vera aðgengilegar baðgestum á skilti, veggspjöldum eða á öðru formi við hæfi. Að lágmarki skulu vera sérstakar merkingar sem sýna flokk baðstaðarins

auk hugsanlegra bannreglna og aðvarana, svo sem yfirlitsmynd, hitastig baðvatns, dýpt og eigin ábyrgð baðgesta. Upplýsingar um baðstað sem settar eru fram þar skulu uppfærðar í samræmi við endurskoðun á 3. tölul. viðaukans.

6. Bæta má við öðrum viðeigandi upplýsingum í samráði við heilbrigðisnefnd.


Dæmi 1: Nánar um a. lið 2. tölul.

- Lýsing á baðstaðnum sjálfum: almenn lýsing á vatninu sem er að finna á baðstaðnum, heiti og einkennisnúmer, stærð og efniseiginleikar umhverfis, fjöldi baðgesta yfir árið (skilgreining háannatímabils), aðstaða fyrir baðgesti, aðvaranir og bannreglur á baðstað og staðsetning sýnatöku.
 - Einkennisnúmer baðstaðar: IS_X_Z
 - IS stendur fyrir Ísland.
 - Skipta út X fyrir viðkomandi svæði („HGK“ fyrir Hafnarfjörð, Garðabæ og Kópavog, „R“ fyrir Reykjavík, „K“ fyrir Kjósarsvæði, „Sn“ fyrir Suðurnes, „Sl“ fyrir Suðurland, „A“ fyrir Austurland, „NE“ fyrir Norðurland eystra, „NV“ fyrir Norðurland vestra, „Vf“ fyrir Vestfirði, „Vl“ fyrir Vesturland“.
 - Skipta út Z fyrir ávísað númer baðstaðar innan svæðisins, ákveðið af heilbrigðisnefnd, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
- Lýsing á öðrum yfirborðsvötnum á vatnasviði baðstaðar: Almenn lýsing á yfirborðsvötum í nágrenninu, ef tenging er á milli vatnanna eða flæði yfir og hvar vatn komi inn til baðstaðar, hvort dreifðrar losunar gæti vegna starfsemi í þéttbýli eða dreifbýli sem getur haft áhrif á gæði baðvatns, hvaða mengunar gæti orðið vart við á baðstað vegna nágrennavatna.

Dæmi 2: Upplýsingar um baðstað sem settar eru fram þar.

Stutt lýsing á baðstaðnum og því hversu miklar líkur eru á mengun:

- Kort Y:



Mynd 1. Kort af baðstað í náttúrunni.

- Baðstaðurinn X er í tiltölulega lítilli og grunnri vík, um 3 km langri á Norðurströnd A svæðis. Munur á flóði og fjöru er í meðallagi. Megnið af vatnasviði baðstaðarins kemur frá Lönguá. Öll víkin er flokkuð sem baðstaður með sýnatökustað við eystri enda vikurinnar eins og sýnt er á korti Y.
- Gæði baðvatnsins geta minnkað vegna dreifðrar mengunar eða yfirfalls úrkomuvatns sem þá geta valdið mengun í skamman tíma. Áætlað er að slík tilfelli geti staðið yfir í einn til tvo

daga eftir því hversu lengi úrkoman stendur yfir. Búast má við að slík tilfelli komi upp allt að fimm sinnum yfir háannatímabilið, en þar sem þau eru háð veðráttu getur verið að þau komi upp oftar.

- Upplýsingar um rekstrar- eða ábyrgðaraðila, endurskoðun upplýsinga og tengilið vegna baðstaðar.

B-deild – Útgáfud.: 19. maí 2015